



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

BS nám í viðskiptafræði

www.vidskipti.hi.is





Metnaðarfullt, fjölbreytt og framsækið nám



Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands (**University of Iceland School of Business**) er elsti og stærsti viðskipta-háskóli á Íslandi. Viðskiptafræðideildin hefur gegnt forystuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði í nær sjö áratugi. Á sama tíma hefur deildin lagt metnað sinn í að auka og miðla framúrskarandi og alþjóðlega viðurkenndri þekkingu á þessu sviði með því að vera leiðandi í rannsóknum, kennslu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf.

Nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands er þekkt fyrir gæði og hefur á sér gott orðspor. Námið er bæði fjölbreytt og framsækið og það gerir miklar kröfur til metnaðarfullra nemenda. Námið er þekkt fyrir að veita nemendum góða fræðilega undirstöðu, ýta undir skapandi hugmyndir og öguð vinnubrögð og nemendur öðlast góða innsýn í verkefni og áskoranir atvinnulífsins í gegnum kennslu og vinnu hagnýtra verkefna. Með metnaði sínum hefur Viðskiptafræðideild tryggt að menntun nemenda sem útskrifast frá deildinni nýtur trausts og hefur á sér ákveðinn gæðastimpil.

Ávarp deildarforseta

Að hefja háskólanám er þýðingarmikil ákvörðun í lífi hvers einstaklings. Með náminu er einstaklingurinn að sækja sér þekkingu og tileinka sér vinnubrögð sem nýtast munu í lífi og starfi. Í Háskóla Íslands hefur nemandinn einstakt tækifæri til að læra og eflast í virku samstarfi við góða kennara og frábæra samnemendur.

Háskólanám í viðskiptafræði gefur nemendum möguleika á afar fjölbreyttum störfum, bæði sérfræðistörfum og stjórnunarstörfum. Nemendur verða vel undirbúnir til þátttöku í athafna- og viðskiptalífi bæði á vettvangi fyrirtækja og í störfum hjá hinu opinbera. Stjórnendur og sérfræðingar í íslensku atvinnulífi hafa í rúm 70 ár sótt menntun sína til forvera Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands.

Í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands verða um 1400 nemendur næsta haust. Deildin byggir á því trausta orðspori og þeim gæðum sem hafa einkennt viðskiptafræðinámið í Háskóla Íslands frá upphafi. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands mun með kraftmiklum hætti efla og treysta forystuhlutverk sitt í viðskiptafræðinámi hérlendis í miklu samstarfi við atvinnulíf og stjórnvöld. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands mun setja í forgang að nemendur deildarinnar fái sem mestan ávinning af náminu og aukna vísýni gegnum hið umfangsmikla samstarf sem deildin á við marga af virtustu háskólum heims.

Ágæti lesandi. Ef þú ert að íhuga að fara í nám í viðskiptafræði er Háskóli Íslands góður kostur. Í Háskóla Íslands er frábær aðstaða til námsins á nýju Háskólatorgi, Tröð, Gimli og Odda. Ég býð nýja nemendur velkomna í viðskiptafræðinámið og er þess fullviss að ákvörðun um að setjast á skólabeck í Háskóla Íslands muni skila sér margfalt til baka.

Með kærri kveðju,
Dr. Ingjaldur Hannibalsson prófessor, forseti Viðskiptafræðideildar

> Greinar í stöðugri þróun

Viðskiptafræði er grein í stöðugri þróun. Alþjóðavæðing, ör tækniþróun, vaxandi samkeppni, nýir viðskiptahættir og aukið flækjustig koma þar til. Viðskiptafræðideild hefur fylgt þessari þróun eftir með því að bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir og tækifæri til sérhæfingar í takt við þarfir atvinnulífsins. Á hverju námsári geta nemendur valið úr fjölda námskeiða við deildina auk þess sem nemendur geta tekið námskeið í öðrum deildum Háskólans og í erlendum háskólum.

> Sérfræðingar á öllum sviðum

Við Viðskiptafræðideild starfa helstu sérfræðingar landsins á öllum sviðum viðskiptafræða. Fjöldi stundakennara kemur að kennslu á ári hverju, fólk með framhaldsmenntun í viðskiptafræði sem er við störf í atvinnulífinu. Sú þekking á íslensku atvinnulífi og fræðasviði sínu sem þetta einvalalið býr yfir er einstök og kennarar leggja metnað sinn í að koma henni til skila til nemenda.

> Sterk tengsl við atvinnulífið

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur um áraraðir byggt upp sterk tengsl við atvinnulífið enda starfa við deildina kennarar og sérfræðingar sem ýmist eru við störf í atvinnulífinu eða eru kallaðir til ráðgjafar- og trúnaðarstarfa í atvinnulífinu. Í náminu takast nemendur á við fjölda raunhæfra verkefna í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki sem gerir námið hagnýtara og menntunina verðmætari en ella.

Hin virku tengsl við atvinnulífið gera nemendum og kennurum í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands það kleift að vinna saman á einstakan hátt sem skipar viðskiptafræðináminu í Háskóla Íslands í fremstu röð.

> Alþjóðlegt samstarf og nám við erlenda háskóla

Viðskiptafræðideild hefur náði samstarf við fjölda erlendra háskóla og námið tekur mið af kröfum og námsefni bestu háskóla erlendis. Fjöldi erlendra skiptinema sækir deildina heim á hverju ári og er hluti af námskeiðum í deildinni kenndur á ensku. Á sama hátt fer stór hópur nemenda frá deildinni á hverju ári til náms utan í eitt eða tvö misseri við góða erlenda háskóla og enn fleiri fara til starfa erlendis yfir sumartímann. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins hefur umsjón með nemendaskiptum og aðstoðar nemendur við umsóknir um skiptinám.

Háskóli Íslands er aðili að nokkrum samstarfsnetum, m.a. Erasmus og Nordplus. Auk þess eru í gildi tvíhliða samningar milli fjölmargra háskóla erlendis, þar á meðal í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan og Argentínu. Nánari upplýsingar eru gefnar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu.

> Miklir atvinnumöguleikar

Nemendur frá Viðskiptafræðideild hafa verið eftirsóttir starfskraftar og þeim hefur gengið mjög vel að fá störf við hæfi að loknu námi. Nemendur hafa fengið störf sem ráðgjafar, framkvæmdastjórar, fjármálastjórar, markaðsstjórar, starfsmannastjórar, ráðgjafar og sérfræðingar. Námið hefur einnig nýst vel þeim sem fara í framhaldsnám enda er námið í takt við það besta sem gerist í heiminum í dag.

BS nám í viðskiptafræði

BS námið í viðskiptafræði er byggt þannig upp að á fyrstu fjórum misserum námsins eru kenndar helstu undirstöðugreinar í viðskiptafræði sem gefa nemendum traustan grunn í lykilþáttum viðskipta. Má þar nefna námskeið í rekstrarhagfræði, stjórnun, reikningshaldi, markaðsfræði og fjármálum. Á þriðja ári hefst eiginleg sérhæfing námsins. Náminu lýkur með lokaritgerð þar sem lögð er áhersla á að prófa og þjálfa faglega hæfni og sjálfstæð vinnubrögð.



Ingibjörg Ester Ármannsdóttir
nemandi í viðskiptafræði BS – reikningshaldslínu

Námið í viðskiptafræði hefur veitt mér trausta þekkingu á helstu grunnfögum í viðskiptafræði. Ég valdi viðskiptafræði vegna áhuga á reiknifögum og fjölbreytileika námsins. Námið er áhugavert og félagslífið í Mágusi er fjörugt og vel skipulagt. Nám í viðskiptafræði býður upp á mikla atvinnumöguleika og möguleika á fjölbreyttu framhaldsnámi bæði hérlendis og erlendis.

> Einingakerfi

Allt nám við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands er metið í alþjóðlega viðurkenndum einingum. Nemendur í fullu námi ljúka 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði. Nemendur í fullu námi geta lokið grunnnámi við deildina á þremur árum.

> Frábær aðstaða fyrir nemendur

Háskólatorg og Gimli hafa gerbreytt starfsaðstöðu Viðskiptafræðideildar og aðbúnaði nemenda deildarinnar.

Á Háskólatorgi og í Gimli er frábær vinnuaðstaða fyrir nemendur í nánu samneyti við kennara. Í byggingunni eru m.a. fyrirlestrasalir, kennslustofur, tölvuver með yfir 70 tölvur og lesrými fyrir grunnnema. Á Háskólatorgi er einnig þjónusta við nemendur svo sem Bóksala stúdenta, Námsráðgjöf, Nemendaskrá og Alþjóðaskrifstofa.

Á Háskólatorgi er einnig Háma, glæsileg veitingasala og kaffibar fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk Háskóla Íslands.

BS-F Fjármál

Umsjón: Vilhjálmur Bjarnason, lektor
vb@hi.is sími 525 5891

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á fjármál er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að búa nemendur undir almenn stjórnunarstörf. Í öðru lagi að búa nemendur undir sérfræðistörf á sviði fjármála og í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám á sviði fjármála. Að loknu námi eiga nemendur að vera færir um að:

1. Starfa við fjármálastjórn fyrirtækja og stofnana, héraðs og erlendis.
2. Starfa að ýmsum sérhæfðum viðfangsefnum banka og verðbréfafyrirtækja.
3. Gera ýmiss konar fjárhags- og fjármögnunar-áætlanir.

Meðal sérgreina eru námskeið í fjármálagerningum, stýringu fjármálasafna, lögfræði, rekstrarstjórnun, stærðfræði, tölfræði og upplýsingatækni. Hyggi nemendur á framhaldsnám í fjármálum, þurfa þeir að velja sérgreinar úr reikningshaldslínunni, BS-R.

BS-M Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

Umsjón: Þórhallur Guðlaugsson, dósent
th@hi.is sími 525 4534

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti er tvíþætt: Annars vegar að búa nemendur undir almenn stjórnunarstörf sem og sérfræðistörf í markaðsdeildum fyrirtækja og stofnana og hins vegar að búa nemendur undir framhaldsnám á sviði markaðsfræði og alþjóðaviðskipta. Að loknu námi eiga nemendur að geta:

1. Tekið þátt í gerð markaðs- og eða viðskiptaáætlunar fyrir fyrirtæki eða stofnanir á innanlands- eða alþjóðamarkaði.
2. Unnið að ýmsum sérhæfðum verkefnum er tengjast markaðsáætlanagerð s.s. markaðsgreiningu, markaðsrannsókn, þjónusturannsókn og gerð kynningar-áætlunar.
3. Fjallað um og kynnt niðurstöður verkefna á íslensku og ensku.

Meðal sérgreina eru námskeið í markaðsrannsóknum, utanríkisviðskiptum, alþjóðamarkaðsfræði, stjórnun viðskipta í ólíkum menningarheimum, stjórnun viðskipta-sambanda og vörumerkjastjórnun og markaðsáætlanagerð.

BS-R Reikningshald

Umsjón: Bjarni Frimann Karlsson, lektor
bfk@hi.is sími 525 4540

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að nemendur hafi haldgóða þekkingu á reikningshaldi og reikningsskilum félaga. Í öðru lagi að nemendur hafi haldgóða þekkingu á fræðilegum hugtökum og beitingu þeirra, hafi þekkingu á lagaumhverfi reikningshaldsins, og kunni skil á gildandi reglum um skattlagningu hlutafélaga. Í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám í reikningshaldi. Að loknu námi eiga nemendur að vera færir um að:

1. Starfa við bókhald í flestum tegundum fyrirtækja og stofnana.
2. Taka þátt í bókhaldsuppgjöri og gerð ársreiknings.
3. Gera ýmiss konar fjárhags- og rekstrargreiningar á upplýsingum úr bókhaldi og miðla niðurstöðunum til þeirra er á þeim þurfa að halda.
4. Taka þátt í gerð fjárhagsáætlunar hjá flestum tegundum fyrirtækja og eftirliti með framkvæmd hennar.

Meðal sérgreina eru námskeið í ársreikningagerð, lögfræði, reikningshaldi, reikningsskilum og skattskilum. Ætli nemendur í framhaldsnám í reikningshaldi, þurfa þeir að velja sér greinar úr fjármálalínunni.

BS-S Stjórnun og forysta

Umsjón: Svala Guðmundsdóttir, aðjúnkt
svala@hi.is sími 525 5490

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og forystu er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að nemendur búi yfir haldgóðri þekkingu á undirstöðuatriðum, kenningum og hugtökum stjórnunarfræðanna. Í öðru lagi að nemendur hafi öðlast færni í að beita aðferðafræði þeirra við úrlausn viðfangsefna sem tengjast stjórnun, ráðgjöf og sérfræðistörfum. Í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám og frekari sérhæfingu á sviði stjórnunar og stefnumótunar. Að loknu námi eiga nemendur að vera færir um að:

1. Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd stefnumótunar sem og innleiðingu stefnu í fyrirtækjum og stofnunum.
2. Starfa að ýmsum verkefnum á sviði starfsmannamála s.s. ráðningar-, fræðslu- og launamálum.
3. Stýra og vinna að ýmsum verkefnum er tengjast rekstri og framleiðslustýringu.
4. Vinna að ýmsum sérhæfðum verkefnum, t.d. er tengjast gæðastjórnun og innleiðingu og stjórnun breytinga.

Meðal sérgreina eru námskeið í rekstrarstjórnun, starfsmannastjórnun, stefnumótun fyrirtækja, verkefnastjórnun og vinnumarkaðsfræði.

Skipulag BS náms í viðskiptafræði

	Haustmisseri	Vormisseri
1. ár	<ul style="list-style-type: none"> Inngangur að markaðsfræði Inngangur að fjárhagsbókhalddi Rekstrarhagfræði I Inngangur að stjórnun Stærðfræði A 	<ul style="list-style-type: none"> Markaðsfærsla þjónustu Rekstrarbókhalddi Rekstrarhagfræði II Stjórnun og skipulagsheildir UI-tölvunotkun
2. ár	<ul style="list-style-type: none"> Fjármál I Lögfræði A Tölfræði A Útanríkisverslun (e)* Þjóðhagfræði I 	<ul style="list-style-type: none"> Aðferðafræði eða Stærðfræði B Fjármál II Rekstrarstjórnun Tölfræði B Tjáning og samskipti (e)* eða Reikningsskil
BS-F 3. ár	<ul style="list-style-type: none"> Fjármálamarkaðir Fjármálagæringar UII-VBA forritun 2 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Stýring fjármálasafna 3 valgreinar BS ritgerð (6 einingar)
BS-M 3. ár	<ul style="list-style-type: none"> Markaðsrannsóknir Viðskipti og alþjóðasamskipti (e)* Vöruauðkenni og viðskiptatengsl 2 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Alþjóðamarkaðsfræði og markaðsáætlanir (e)* 2 valgreinar BS ritgerð (12 einingar)
BS-R 3. ár	<ul style="list-style-type: none"> Skattskil I Ársreikningagerð A 3 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Lögfræði B Ársreikningagerð B 2 valgreinar BS ritgerð (6 einingar)
BS-S 3. ár	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnun starfsmannamála (e)* Verkefnastjórnun Vinnumarkaðurinn og þróun hans 2 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Stefnumótun fyrirtækja 2 valgreinar BS ritgerð (12 einingar)

* (e) Námskeið kennt á ensku. Nánari upplýsingar í kennsluskra á heimasíðu deildar.

Viðskiptafræðideild býður upp á nokkrar námsleiðir fyrir nemendur sem vilja taka viðskiptafræði sem 60 eininga aukagrein. Öll námskeið í Viðskiptafræðideild eru metin til sex eininga. Nemendur í fullu námi ljúka þar af leiðandi 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði.

> 60 eininga aukagrein í viðskiptafræði

Nemendur ljúka 10 námskeiðum sem kennd eru í grunnnámi í viðskiptafræði, þar af a.m.k. sex fyrsta árs greinum.

> 60 eininga aukagrein í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

Nemendur taka 10 neðangreind námskeið:

- Inngangur að stjórnun
- Inngangur að markaðsfræði
- Markaðsfærsla þjónustu
- Markaðsrannsóknir
- Viðskipti og alþjóðasamskipti
- Vöruauðkenni og viðskiptatengsl
- Útanríkisverslun
- Markaðsáætlanagerð
- 2 valgreinar

> 60 eininga aukagrein í stjórnun og stefnumótun

Nemendur taka 10 neðangreind námskeið:

- Inngangur að stjórnun
- Inngangur að markaðsfræði
- Inngangur að fjárhagsbókhalddi
- Rekstrarhagfræði I
- Stjórnun og skipulagsheildir
- Fjármál I
- Rekstrarstjórnun
- Stjórnun starfsmannamála
- Verkefnisstjórnun eða Vinnumarkaðurinn og þróun hans
- Stefnumótun fyrirtækja

Viðskiptafræði sem 60 eininga aukagrein

Viðskiptafræðideild býður gegn gjaldi upp á ýmsar leiðir fyrir þá sem vilja leggja stund á nám samhliða starfi.

> Nám í viðskiptafræði samhliða starfi

Viðskiptafræðideild býður upp á stök námskeið á BS stigi. Námskeiðin er unnt að taka samhliða starfi. Einnig er hægt að ljúka 60 og 120 eininga diplóma námi. Námsfni og kröfur eru þær sömu og í dagskólanum en fyrirkomulag er með öðru sniði. Kennnd eru að meðaltali 3 námskeið á misseri þar sem hvert námskeið er kennt á 6 vikum. Kennnd er tvisvar í viku fyrir utan hefðbundinn vinnutíma. Nemendur í dagskólanum hafa kost á því að taka einstaka námskeið í kvöldskólanum gegn gjaldi ef þeir vilja flýta fyrir sér.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á www.bsv.hi.is

> Stytttri námsbrautir

Viðskiptafræðideild býður upp á tveggja missera námsbraut í stjórnun markaðsmála, þar eru kennd 6 sérhæfð námskeið. Eitt námskeið er kennt í einu og lýkur með viðeigandi námsmati.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á www.bsv.hi.is

> Umsóknir

Umsóknarfrestur í grunnám er til og með 5. júní. Hægt er að sækja um skólavist rafrænt á www.hi.is. Nemendaskráin er opin alla virka daga frá kl. 9-15. Síminn er 525 4309. Umsókninni þarf að fylgja afrit af stúdentsprófsskírteini.

> Inntökuskilyrði

Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi að mati deildar. Stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi, samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut og nægja til inngöngu.

> Hagnýt undirbúningsnámskeið

Áður en nemendur hefja nám við deildina stendur þeim til boða að sækja námskeið í stærðfræði og reikningshaldi gegn gjaldi. Námskeiðin eru haldin í ágústmánuði og standa yfir í tvær vikur. Námskeiðin eru einkum ætluð þeim nemendum sem telja sig hafa ónógan undirbúning í þessum greinum.



Félagslíf í Viðskiptafræðideild

Félag viðskiptafræðinema heitir Mágus. Félagið hefur staðið fyrir öflugum starfi í þágu nemenda um áratuga skeið. Markmið félagsins er tvíþætt, annars vegar að standa vörð um hagsmuni nemenda og hins vegar að sjá þeim fyrir dægrastyttingu. Fulltrúar félagsins taka þátt í stefnumörkun Viðskiptafræðideildar með því að sitja deildarfundi. Á þennan hátt gegnir félagið mikilvægu hlutverki sem stuðlar að því að skipulag og starfshættir deildarinnar taki mið af óskum og þörfum nemenda.

Á hverju námsári eru nokkrir árvissir atburðir á vegum Mágusar, m.a. nýnemakvöld, karla- og kvennakvöld, skákmót, golfmót og árs hátíðir. Auk þess stendur nemendafélagið fyrir ýmsum uppákomum, s.s. opnum fyrirlestrum og vísindaferðum. Mágus er einnig aðili að Nordic Economics Students' Union (NESU) sem eru samtök viðskipta- og hagfræðinema á Norðurlöndum. Allar nánari upplýsingar um starf félagsins eru á heimasíðunni, www.magus.hi.is.





HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Gimli
v/ Sæmundargötu
101 Reykjavík

Sími 525 4500
Fax 552 6806

gimli@hi.is
www.vidskipti.hi.is

